

**Samþykktar breytingar á 11. gr. samþykka Samtaka atvinnulífsins :**

1. Þriðji málsliður 11. gr. um árgjald verði eftirfarandi: „Frá og með árinu 2005 er árgjald 0,17% og iðgjald til vinnudeilusjóðs 0,02%, eða samtals 0,19% af framangreindum stofni.“
2. Ný málsgrein um stigvaxandi afslátt af árgjöldum komi aftan við þriðju málsgrein og orðist svo:

„Frá og með árinu 2005 er veittur stigvaxandi afsláttur af álögðum árgjöldum, að iðgjaldi í vinnudeilusjóð meðtöldu, umfram eina milljón krónur samkvæmt eftirfarandi reglu:

Álögð félagsgjöld	Afsláttur
0 - 1.000.000	0%
1.000.000 - 2.000.000	5%
2.000.000 - 3.000.000	10%
3.000.000 - 4.000.000	15%
4.000.000 - 5.000.000	20%
5.000.000 og yfir	25%

Afslátturinn reiknast af álögðum árgjöldum í hverju einnar milljónar króna bili. Séu álögð árgjöld t.d. þrjár milljónir króna þá reiknast enginn afsláttur af fyrstu milljón krónunum, 5% eða 50 þús. kr. afsláttur reiknast af bilinu 1 - 2 m. kr. og 10% eða 100.000 kr. afsláttur reiknast af bilinu 2 - 3 m. kr. Afslátturinn verður því 150.000 kr. samkvæmt reglunni í þessu tilviki eða sem nemur 5% af upphaflegu álagningunni.“